

L Ö G

um kjördag við kosningar til Alþingis 1971.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Almennar kosningar til Alþingis 1971 skulu fara fram sunnudaginn 13. júní 1971.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Auður Auðuns.

Nr. 23.

7. apríl 1971.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 104 22. des. 1965, um aukatekjur ríkissjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem eru eignarheimild fyrir eða leggja haft á fasteignir, skip eða lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir: Þegar fjárhæðin er 5000 kr. eða minni kr. 100 og síðan 5 krónur fyrir hvert þúsund eða brot úr þúsundi, sem umfram er. Af afsölum fyrir fasteignum skal gjaldið þó vera kr. 1.50 af þúsundi og broti af þúsundi umfram fyrstu 5000 kr. Sama gildir um skrásetningargjald fyrir kaupmála.

Fyrir þinglýsingu skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal þó eigi greiða nema kr. 2.40 fyrir hvert þúsund umfram fyrstu 5000 kr.

Þegar fjárhæð sú, sem skjalið greinir um, er óákveðin og eigi er hægt að ákveða verðmætið, skal gjalda 200 kr. Þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveða gjaldið eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka hana fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðru en peningum, og skal þá meta verðmætið til peningaverðs.

Nú er árlegt afgjald áskilið um óákveðinn tíma, og skal þá gjalda sem fyrir 25 sinnum hærri fjárhæð. Sé ártal tiltekið, skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei gjalda af meiru en af afgjaldinu 25-földu.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sé greitt andvirði eða henni makaskipt gegn annarri eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á skjalið, svo að ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.

Nú hefur embættismaður ákveðið stimpilskylda fjárhæð kaupsamnings eða afsals, og skal þá greiða þinglýsingargjald af þeirri upphæð.

2. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Fyrir skjöl, sem þinglýst er í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, skal greiða fullt gjald við fyrstu þinglýsingu, en síðan hálf gjald.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1971, þó ekki fyrr en við gildistöku nýs fasteignamats skv. l. nr. 28/1963.

Gjört í Reykjavík, 7. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

7. apríl 1971.

Nr. 24.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, skulu gæta þess, að hin stimpilskylda upphæð hvers skjals sé rétt tilgreind, og geta krafizt allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra, er stimplunar beiðast, og ákveða síðan gjaldið, framkvæma stimplunina og afhenda skjalið beiðanda. Þegar afsalsbréf eða leigusamningar greina ekki stimpilskylda upphæð, ber að áætla hana það háa, að víst sé, að söluverð eða leiga hafi ekki verið hærra í raun og veru. Verð fasteigna undir slíkum kringumstæðum skal aldrei áætla lægra en fasteignamat hinnar seldu eignar að leigulöð meðtalinni, en að frádregnu afsalskvaðaverðmæti. Ef gjaldandi er óánægður með ákvörðun gjaldsins, getur hann skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins innan tveggja mánaða, en jafnan skal fylgja umsögn stimplunarmanns. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una úrskurði stjórnarráðsins, getur hann lagt málið undir dómstólana.

2. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Með 0.5% af verðhæðinni skal stimpla afsalsbréf fyrir fasteignum, en með 0.25% af skipum yfir 5 brúttósmálestum, öðrum en þeim, sem keypt eru erlendis. Sama gildir um afsöl við fíngættagerðir, skipti og uppboð, svo og önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf og próventusamninga, enn fremur erfðafestubréf, ef þau veita rétt til að selja eða veðsetja. — Þegar fasteign eða skip er afsalað hlutafélagi eða sameignarfélagi, greiðist sama gjald, þó skal ekki innheimta gjald af þeim eignarhluta að tiltölu, þegar svo er ástatt, að fyrri eigandi verður áfram eignaraðili að félaginu. — Þegar fasteign eða skip er lagt út til eignar ófullnægðum veðhafa, greiðist hálf gjald. — Ef gift-